



Reglugerð um siðanefnd Aftureldingar

1. gr.

Á vegum Aftureldingar starfar siðanefnd sem metur hvort siðareglur félagsins hafi verið brotnar ef ábendingar berast um slíkt.

2. gr.

Siðanefnd skal skipuð þremur mönnum og er einn þeirra formaður nefndarinnar. Aðalstjórn tilnefnir tvo fulltrúa í nefndina, þar með talið formann nefndarinnar, en formenn deilda skipa einn fulltrúa. Leitast skal við að tilnefna í nefndina fólk með reynslu og / eða þekkingu á meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga.

3. gr.

Siðanefndin markar sér stefnu og ákveður verklag varðandi móttöku og úrvinnslu ábendinga um brot á siðareglum félagsins í samráði við aðalstjórn Aftureldingar. Nefndin tekur ekki mál til meðferðar að eigin frumkvæði. Nefndin aflar gagna og rannsakar mál áður en niðurstaða er fengin.

4. gr.

Nefndarmenn skulu gæta fyllsta trúnaðar gagnvart þeim sem til hennar leita og eru bundnir þagnarskyldu um það, sem þeir verða áskynja í störfum sínum fyrir nefndina og leynt skal fara. Ef nefndin telur nauðsynlegt að grípa til aðgerða í því skyni að bregðast við ábendingu um brot á siðareglunum skal nefndin upplýsa stjórn Aftureldingar eða fulltrúa hennar um málið og gera tillögur um úrbætur, í samráði við þolanda ef við á.

5. gr.

Ef siðanefnd berst ábending um háttsemi, sem grunur leikur á að fari í bága við barnaverndarlög eða sé refsiverð að lögum skal þegar í stað tilkynna málið til viðkomandi barnaverndaryfirvalda eða lögreglu.

6. gr.

Nefndarmenn siðanefndar starfa sem sjálfboðaliðar fyrir Aftureldingu.

7. gr.

Reglugerð þessi tekur gildi á aðalfundi félagsins 29. mars 2012.